



Ársskýrsla

Samantekt um árið 2017

Starfsáætlun 2018



Efnisyfirlit

EFNISYFIRLIT	2
1. STOFNUN OG STOFNAÐILAR.....	3
<i>STOFNAÐILAR VÍSKU</i>	<i>3</i>
<i>STJÓRN OG VARASTJÓRN</i>	<i>3</i>
<i>STARFSFÓLK</i>	<i>3</i>
<i>HÚSNÆÐI</i>	<i>4</i>
2. SKÝRSLUR	5
3. SAMANTEKT Á ÁRINU 2017	6
4. UM FRÆÐSLUSTARFID / SÍMENNTUN 2017	8
5. NÁMSMENN	9
6. NÁMS- OG STARFSRÁÐGJÖF	13
6.1 RAUNFÆRNIMAT	14
7. SAMSTARF OG VERKEFNI.....	16
8. STARFSÁÆTLUN 2018	18
9. FJARNÁM Á HÁSKÓLASTIGI	18
10. SAMANTEKT OG FRAMTÍÐARSÝN	19

1. Stofnun og stofnaðilar

Viska var stofnuð í Vestmannaeyjum í janúar árið 2003. Markmiðið með stofnun VISKU – Fræðslu- og símenntunarmiðstöðvar í Vestmannaeyjum var að efla menntun í Vestmannaeyjum með því að standa fyrir fræðslustarfsemi sem ekki heyrir undir námsskrárbundið nám á grunn- og framhaldsskólastigi, nema sérstaklega verði um það samið. Einnig var Visku ætlað að hafa forgöngu um fræðslu og fjarkennslu á sem flestum sviðum og miðla framboði á fræðslu og fjarkennslu til almennings og atvinnulífs í Vestmannaeyjum. Þessu var Visku ætlað með því að vinna í samstarfi við aðra aðila í landinu sem sinna símenntun, endurmenntun og menntun á háskólastigi og vera í fararbroddi á nýtingu á bestu fánægri fjarkennslutækni hverju sinni.

Stofnaðilar Visku

Vestmannaeyjabær og skólar, Sparisjóður Vestmannaeyja, Ísfélag Vestmannaeyja, Vinnslustöðin hf., Tölvuskóli Vestmannaeyja ehf. (nú Tölvun), Tölvun ehf., Eyjasýn ehf., Skipalyftan hf., Drífandi stéttarfélag, Verslunarmannafélag Vestmannaeyja, (þáverandi nú VR), Stavey, starfsmannafélag Vestmannaeyjabæjar, Verkstjórafélag Vestmannaeyja, Sveinafélag járníðnaðarmanna (þáverandi nú FIT), Háskóli Íslands (Samstarfsnefnd HÍ og Vey), Heilbrigðisstofnun Vestmannaeyja, (nú Heilbrigðisstofnun Suðurlands) Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum, Háskólinn á Akureyri og *Stjórnunarfélag Vestmannaeyja* sem síðar var lagt niður.

Stjórn og varastjórn

Aðalmenn

Arnar Sigurmundsson, formaður
Helga Björk Ólafsdóttir, varaformaður
Gísli Eiríksson
Gunnar Gunnarsson
Arnar G. Hjaltalín

Varamenn

Davíð Guðmundsson
Páll Marvin Jónsson
Unnur B. Sigmarsdóttir

Endurskoðandi: Deloitte ehf

Skoðunarmenn: Ólafur Elísson og Þórhildur Ragna Karlsdóttir frá síðasta aðalfundi sem haldinn var 16. maí 2017.

Starfsfólk

Stöðugildi Visku eru tvö og að auki aðkeypt þjónusta bæði frá Þekkingasetri Vestmannaeyja og víðar. Forstöðumaður Valgerður Guðjónsdóttir er í fullu starfi og Sólrún Bergþórsdóttir, náms- og starfsráðgjafi einnig í fullu starfi. Þjónustufulltrúar Þekkingarseturs Vestmannaeyja starfa einnig í ákveðnu stöðuhlutfalli fyrir Visku.

Húsnæði

Í skýrslu Visku fyrir árið 2017 verður gerð grein fyrir þeirri fræðslustarfsemi sem Viska Fræðslu- og símenntunarmiðstöð í Vestmannaeyjum kom að seinni hluta ársins 2017 og framan af ári 2018. Einnig verður farið yfir þær breytingar sem eiga sér stað jafnt og þétt í starfsemi sem þessari og hvaða áhrif þær hafa á framtíðarstarfsemi símenntunarmiðstöðva



Mynd frá Starfakynningu 2018



Mynd frá Starfakynningu 2018

2. Skýrslur

Starfsemi Visku breytist í takt við umhverfið



Í ársbyrjun 2018 voru liðin 15 ár frá stofnun Visku sem var 6. janúar 2003. Árið 2017 var viðburðaríkt líkt og flest fyrir árin. Starfsemi fræðslu- og símenntunarmiðstöðva hefur fest sig vel í sessi og löngu orðinn virkur hluti af fræðslukerfinu. Möguleikar á framhaldsfræðslu, ásamt auknu gildi náms- og starfsráðgjafar og raunfærnimats skiptir miklu fyrir möguleika fjölda fólks sem hefur mikla reynslu á vinnumarkaði, en skortir upp á formlega menntun.

Árlegir samningar Visku við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, FA, um vottaðar námsleiðir, náms- og starfsráðgjöf ásamt framkvæmd raunfærnimats skapar traustan grunn. Árleg fjárveiting af fjárlögum ásamt fyrrgreindum samningum við FA myndar lungann af tekjum símenntunarmiðstöðva. Að þessu viðbættu koma samningar um íslenskunámskeið fyrir útlendinga, sértækir verkamningar og tómstundanámskeið. Þá hefur atvinnutengdum námskeiðum fjölgað á sama tíma, minnkar aðsókn í og vægi hefðbundinna tómstundanámskeiða. Til að framkvæma öll þessi verkefni koma margir aðilar að verki. Auk tveggja fastra starfsmanna Visku, koma þar við sögu í verktöku fjöldi aðila við kennslu og aðstoð við þessi fjölbreyttu verkefni.

Rekstur Visku hefur gengið vel undanfarin ár og var árið 2017 þar engin undantekning. Ávallt hefur vel verið haldið um fjármálin og þess vandlega gætt að halda útgjöldum innan þeirra marka sem árleg rekstraráætlun gerir ráð fyrir.

Húsnæði Visku á jarðhæð Strandvegi 50 sem tekin var í notkun fyrir tæpum þremur árum, gjörbreytti möguleikum til betri þjónustu og gerði starfsemina sýnilegri. Um svipað leiti hafði Vestmannaeyjabær hafið framkvæmdir utanhúss við vesturhús Fiskiðjunnar. Viljayfirlýsing lá fyrir að starfsemi þekkingarseturs Vm. og samstarfsaðila, sem flestir voru til húsa að Strandvegi 50, myndu flytja á 2. hæð hússins, að framkvæmdum loknum. Aðstaða á 2. hæð Fiskiðjunnar er liðlega 1000 fermetrar.

Viska og Vestmannaeyjabær keyptu jarðhæð Strandvegs 50 vorið 2015 og þá var ákveðið að kostnaður við nauðsynlegar breytingar væri innan hóflegra marka og gekk það eftir. Starfsemi þekkingarseturs Vm., Visku og annarra samstarfsaðila, sem flestir voru áður að Strandvegi 50, flutti í nýja húsnæðið Ægisgötu 2 um miðjan janúar 2018. Húsnæði Visku á nýja staðnum er um 200 fermetrar í sérrými og sameiginlegu rými í stað 290 fermetra að Strandvegi 50, en húsrýmið nýtist betur í nýja húsnæðinu. Húsið Strandvegur 50 sem er 3. hæða, hefur nú verið sett í sölu, en Vestmannaeyjabær er eigandi þess að 64% og Viska 36%. Sérstakt húsfélag í eigu Visku og Vm.bæjar annaðist útleigu á öllu húsinu, sem er samtals um 970 fermetrar á þremur hæðum.

Nýtt húsnæði ásamt breytingum á námsframboði og verkefnum Visku, kalla á beinna og virkara markaðsstarf. Sýna þarf meira frumkvæði því samkeppni milli þeirra sem bjóða upp á framhaldsfræðslu mun halda áfram að aukast. Viska stendur þar vel að vígi með gott sérmenntað starfsfólk, nýtt og glæsilegt húsnæði ásamt öflugum tengslaneti.

Að endingu þakka ég stjórn og starfsfólki Visku fyrir ánægjulegt samstarf á liðnum árum.

Vestmannaeyjum 10. maí 2018

Arnar Sigurmundsson, form. stjórnar

3. Samantekt á árinu 2017

3.1. Styrkir og vildargjöld 2017

Á fjárlögum fyrir árið 2017 fékk Viska, Fræðslu- og símenntunarmiðstöð í Vestmannaeyjum úthlutað styrkjum til reksturs og háskólanámsins og til ýmissa fræðsluverkefna, eins og kennslu námsskráa Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins. Sjá nánar í töflu 1.

Framlag frá	Verkefni	Styrkupp hæð
Mennta- og menningarmálaráðuneyti	Rekstur Visku og þjónusta við háskólanám	25.550.000,-
Fræðslusjóður	Náms- og starfsráðgjöf	4.540.000,-
Fræðslusjóður	Raunfærnimat	5.500.500,-
Fræðslusjóður	Vottaðar námsleiðir	17.075.000,-
Fjölmennt	Námskeið fyrir einstakl. m/fötlun	750.000,-
Rannís	Íslenska fyrir útlendinga	2.400.000,-
Samtals:		55.581.500

Tafla 1. Taflan sýnir helstu framlög og styrki til Visku árið 2016.

3.2 Mennta- og menningarmálaráðuneytið - framlög

Á Fjárlögum 2017 fékk Viska, Fræðslu- og símenntunarmiðstöð í Vestmannaeyjum samtals 25.550 milljónir króna, samkvæmt samningi við Mennta- og menningarmálaráðuneytið sem undirritaður var í desember 2015. Í samningnum segir um meginmarkmið, að Viska mun: „vinna að markmiðum framhaldsfræðslulaga nr. 27/2010 með því að reka miðstöð í Vestmannaeyjum; greina þarfir fyrir fræðslu og bjóða upp á ráðgjöf, raunfærnimat og námskeið fyrir markhópa. Viska skal veita þjónustu á sviði framhaldsfræðslu og þróa hana meðal annars í samstarfi við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, fræðslusjóð og aðra hlutaðeigandi aðila vegna framhaldsfræðslu og þjónustu við nemendur á framhaldsskóla- og háskólastigi eftir því sem þörf er á og fjárhagur leyfir. Þjónusta vegna háskólanáms er metið sem 25% af starfseminni. Miðað er við að minnst 66% framlags skv. samningi fari í reglubundinn rekstur framhaldsfræðslu, sbr. 9. gr. laga um framhaldsfræðslu“¹

3.3 Framlög Fræðslusjóðs

Árið 2017 gerði Viska samstarfssamning við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins um kennslu vottaðra námsleiða og um verkefni tengt náms- og starfsráðgjöf og raunfærnimat. Framlög Fræðslusjóðs vegna vottaðra námsleiða námu 17.075.000 kr. Þessi upphæð er umtalsvert hærri en árin á undan og grundvallast á því að Viska fékk úthlutað viðbótarframlagi síðla árs 2017 og tókst nokkurn veginn að vinna upp í þá upphæð.

¹ Úr samningi við Mennta- og menningarmálaráðuneytið árið 2012.

Viska gerði einnig samning við FA vegna náms- og starfsráðgjafar. Samningurinn hljóðaði upp á 2.700.000 kr. en svo fékk Viska viðbótarframlag síðla árs og því var heildarframlagið til ráðgjafar 4.190.000 en unnið var fyrir 4,5 milljónum og fórum við því fram úr því framlagi sem úthlutað var líkt og undanfarin ár. Til raunfærnimats höfðu fengist á árinu 2016 kr. 10.051.000 en inni í þeirri tölu er fjármagn sem ætlað var fyrir yfir 20 aðila í raunfærnimat fyrir þjónustuliða. Aðeins fóru 11 í gegnum matið og því skilaði Viska 6 milljónum til FA um mitt ár 2017. Að öðru leiti var unnið upp í gerða samninga í raunfærnimati skipstjórnar og samstarfsverkefni í iðngreinum.

3.4 Aðrir samstarfsaðilar

Viska hefur átt gott samstarf við hina ýmsu fræðslusjóði s.s. stéttarfélagin í Vestmannaeyjum, Landsmennt, Sveitamenn, Sjómennt og Ríkismennt, svo einhverjir séu nefndir. Reynt hefur verið að haga málum þannig að sem einfaldast sé fyrir þá einstaklinga sem hafa sótt námskeið hjá Visku að sækja í þá styrki sem þeir hafa rétt á. Nú hefur vefurinn www.attin.is bæst við sem flýttir fyrir og einfaldar umsóknir um fyrirtækjastyrki.

Viska á í samstarfi við ýmsa aðila auk þeirra sem hér hafa verið taldir upp á undan. Má þar nefna Vinnumálastofnun á Selfossi, Framhaldsskólann í Vestmannaeyjum, Fjölmennt, SFS, Virk og Vinnueftirlitið svo einhverjir séu nefndir. Samstarf Vinnumálastofnunar og Visku hefur aukist undanfarin misseri sem og við Virk.

3.5 Húsnæði og búnaður

Viska hefur sem fyrr aðsetur í Þekkingasetri Vestmannaeyja, en í janúar sl. fluttist starfsemin af Strandvegi 50 yfir í Fiskiðjuna að Ægisgötu 2. Þar hefur Viska á að skipa einni skrifstofu, þar sem undirrituð og náms- og starfsráðgjafi deila skrifstofu. Auk þess eru tveir kennslusalir og fjögur fundarherbergi sem Viska deilir með öðrum stofnunum í húsinu. Mestu munar um stórbætta aðstöðu fyrir fjarnema. Stjórnarformaður hefur farið yfir ferli húsnæðismála í skýrslu sinni hér fyrr og verður það ekki tíundað hér frekar.

3.6 Sí- og endurmenntun

Námskeiðahald sl. haust hófst með útgáfu námsvísis. Námsvísar Visku eru almennt gefnir út tvisvar á ári með ýmsu sniði auk þess sem Facebooksíða Visku verður jafnt og þétt virkasti auglýsingamiðillinn. Viska opnaði nýja heimasíðu í desember 2017 og erum við að feta okkur inn í nýtingu hennar. Enn virðist virkni meiri á facebooksíðu.

Námskeiðahald hefur verið með öðru sniði en árin á undan. Námskeið fyrir fyrirtæki og stofnanir eru í auknum mæli vinsæl frekar en námskeið þar sem þátttakendur sem greiða sjálfir.

Sú nýbreytni var á síðasta ári að stjórn Visku ákvað að auka boð á námskeiðum þátttakendum að kostnaðarlausu.


4. Um fræðslustarfið / símenntun 2017

Árið 2017 gaf Viska út tvo auglýsingabæklinga í janúar og september í báðum tilfellum bornir í hús. Í Námsvísi Visku var þjónusta Visku kynnt fyrir íbúum í Vestmannaeyjum ásamt upplýsingum um námskeið.


Í þessum kafla eru myndrænar lýsingar á fjölda námskeiða og námsmanna 2017 samanborið við árin þar á undan.

4.1 Námskeið

Námskeiðin eru talin á hverri önn fyrir sig, annars vegar á vorönn og hins vegar á haustönn. Þau námskeið sem ná yfir árámót eða sumarfrí teljast því sem tvö námskeið (fyrri hluti og seinni hluti). Árið 2017 voru haldin 31 námskeið, sem dreifðust á tvær annir. Eitt af þeim námskeiðum héldum við á Þórshöfn fyrir Ísfélagið fyrir nýliða í fiskvinnslu og er það í fjórða skipti sem þetta er gert í samstarfi við Þekkingarnet Þingeyinga. Einnig voru haldin fiskvinnslunámskeið fyrir Mjölmenn víðsvegar á landinu fyrir SFS. Á mynd eitt má sjá þróun fjölda námskeiða frá upphafi. Mynd tvö sýnir hvaða námskeiðsflokkar voru haldnir og fjölda þátttakenda.




Mynd 1. Fjöldi námskeiða hjá Visku á árunum 2003-2018



Mynd 2. Fjöldi námskeiða á árinu 2017 eftir námskeiðsflokkum

5. Námsmenn

Ef við kíkjum hins vegar á töflu um þróun nemendastunda þá má sjá að fjöldi þeirra er breytilegur milli ára. Námskeiðsstundirnar (kennslustundir) á árinu 2016 eru 1.845 alls en eins og mynd þrjú sýnir eru nemendastundirnar 24.558 alls. Þetta er fækkun frá fyrra ári og helsta ástæðan líklega sú að ekki voru haldin nýliðanámskeið í fiskvinnslu í Eyjum á árinu 2017 og færri voru á fiskvinnslunámskeiðunum sem haldin voru fyrir SFA en venja er til hér í Eyjum. Einnig höfðum við lokið Menntastöðum.



Mynd 3. Þróun nemendastunda á árunum 2004-2018

Kenndar nemendastundir eru mælikvarði á umfang fræðslustarfs. Sá mælikvarði fæst með því að margfalda fjölda nemenda á hverju námskeiði með fjölda kenndra kennslustunda á sama námskeiði. Flestar nemendastundir eru kenndar í flokknum námsleiðir FA. Það er eðlilegt í ljósi þess að þær námsleiðir eru jafnan lengstu kenndu námskeið í miðstöðvunum hverju sinni. Árið 2015 voru það fiskvinnslunámskeiðin sem hleypta þessari tölu upp.




Myndir frá Starfakynningu 2018




Að vanda látum við hér fylgja með mynd af kynjahlutfalli á námskeiðunum og þá eru að koma í ljós breytingar. Karlönnum er að fjölga á námskeiðum hjá okkur 2017 og 2018. Þeir eru að verða til

jafns við konur á íslenskunámskeiðum og mjölmannanámskeið eru hrein karlanámskeið sem og málmsuða, löggilt vigtarnámskeið og fleiri.




Myndir 4. Kynjaskipting á námskeiðum 2003 og fram til vors 2018

Námskeið Visku 2017 eru flokkuð í fimm flokka auk námsleiða og námskeiða fyrir einstaklinga með fötlun. Námsleiðirnar eru gjarnan starfstengd námskeið eins og Grunnám fiskvinnslu og Fagám í ferðaþjónustu og Leikskóla- og stuðningsfulltrúabréf svo eitthvað sé nefnt. Sum tómstundanámskeið eru jafnframt starfstengd fyrir suma og getur haft áhrif á myndir. Myndir fimm og sex sýna annars vegar þátttöku eftir flokkum og svo nemendastundir eftir flokkum.




Mynd 5. Myndin sýnir fjölda námsmanna eftir námsflokkun 2017 og 2018



Mynd 6. Þróun nemendastunda eftir námskeiðum 2017-2018

Árið 2017 voru námsmenn á námskeiðum í Visku 360 að tölu, en á vorönn 2017 hafa þeir náð 336. Áhrif verkfalls við upphaf árs 2017 hafði töluverð áhrif á þátttöku á námskeiðum á vorönn 2017. Á

sama tíma er góð þátttaka endurmenntun atvinnubílstjóra og íslenska fyrir útlandinga að skila í fjöldatölum á vorönn 2018.



Mynd 7 sýnir fjölda námsmanna frá upphafi.



Menntabúðir 2017


6. Náms- og starfsráðgjöf

Ráðgjöfin árið 2017 tengdist mikið raunfærnimati í skipstjórn og þjónustuliðagreinum sem Viska var með í boði, sem og þeim námsleiðum sem voru í gangi. Ekki var mikil þörf fyrir að auglýsa náms- og starfsráðgjöf á þessu ári því að fólk kom að eigin frumkvæði, oft eftir að hafa heyrt um hana frá fyrrum ráðþegum. Minnt var á ráðgjöfina í bæklingi Visku sem fór á öll heimili á eyjunni og á fésbókarsíðunni.

Samtals voru tekin 302 viðtöl á árinu. Það er u.þ.b. 10% fjölgun frá síðasta ári sem var þó metár. Það voru fleiri karlar í ráðgjöfinni í ár og helgast það að miklu leyti af raunfærnimati í skipstjórn, en fjöldi viðtala með körlum var 183, eða um 61%. Fjöldi viðtala með konum var 119, eða um 39% og er það um 12% fjölgun frá fyrra ári. Meirihluti ráðþega mættu í fleiri en eitt viðtal. Í raunfærnimatinu fara þátttakendur í gegnum ákveðið ferli sem náms- og starfsráðgjafi leiðir og styður þá í gegnum. Það felur í sér nokkurn fjölda viðtala, en þar sem að stór hluti þátttakenda kom víðsvegar að af landinu

fór töluverður hluti ráðgjafarinnar fram í gegnum síma eða tölvupóst. Í sumum tilfellum sá maður ekki ráðþegann fyrr en í gegnum skype í matsviðtali og stundum jafnvel ekki þá. Þar á móti kom að ráðgjafar á símenntunarmiðstöðvum um landið sinntu oft á tíðum undirbúningi undir matsviðtölin. Lögð var áhersla á að vera í reglulegu símasambandi við ráðþegana til að byggja upp gott ráðgjafasamband. Ráðgjöf til nemenda á námsleiðum Visku fólst í margvíslegum stuðningi bæði námslegum og persónulegum, og var áhersla lögð á að finna lausnir fyrir hvern og einn.

Helstu áskoranirnar eru þegar ráðþegar vilja fara í nám í kjölfar raunfærnimats í iðngreinum því að erfitt reynist að finna námsúrræði sem hentar fólki á landsbyggðinni. Algengt er að iðnnám sem Tækniskólinn býður upp á auglýsi dreifnám sem í raun er kvöldskólanám sem þar að auki er á virkum dögum. Fullorðið fólk á landsbyggðinni getur því ekki nýtt sér slíkt nám.



Mynd 8. Fjöldi ráðgjafaviðtala hjá Visku á undanförunum árum.


6.1 Raunfærnimat

Viska bauð upp á raunfærnimat í skipstjórn og þjónustuliðagreinum, einnig bauð hún upp á raunfærnimat í iðngreinum í samstarfi við lðuna fræðslusetur. Í raunfærnimatinu í skipstjórn hefur aukist að Tækniskólinn vísi umsækjendum í Skipstjórnarskólann í matið áður en þeir hefja námið. Einnig hafa náms- og starfsráðgjafar símenntunarmiðstöðvanna um landið vísað fólki í matið. Að auki var raunfærnimatið auglýst í bæklingum Visku og á fésbókarsíðunni. Í þjónustuliðagreinum var raunfærnimatinu frá fyrra ári framlengt og lokið á þessu ári.

Í raunfærnimatinu í skipstjórn voru 29 karlar samþykktir í matið, 24 luku mati, þar af voru þrír utan markhóps. Meðalaldur þátttakenda var 43, yngsti var 25 ára og elsti var 64 ára.

Í raunfærnimatinu í þjónustuliðagreinum luku sjö þátttakendur frá fyrra ári matinu í ár og fóru svo í kjölfarið í námið í leikskólaliða- og stuðningsfulltrúabru um haustið. Þar að auki bættust þrír nýjir þátttakendur í raunfærnimat í skólaliðanum og stuðningsfulltrúanum. Meðalaldur þátttakenda, sem voru allt konur, var 41, yngst var 27 ára og elst 58 ára.


Í raunfærnimati í samstarfi við aðrar símenntunarmiðstöðvar luku fimm þátttakendur, allt karlar, mati. Tveir luku mati í málaraíð, einn í vélstjórn og tveir í vélvirkjun.




Mynd 9. Raunfærnimat í skipstjórn frá upphafi

Sólrún Bergþórsdóttir

Náms- og starfsráðgjafi Visku



Myndir teknar frá Menntabúðum 2017



7. Samstarf og verkefni

7.1 Kvasir og Leikn

Viska er aðili að Kvasi- samtökum fræðslu- og símenntunarmiðstöðva á Íslandi. Samtals eru stöðvarnar ellefu að tölu og mynda þær þéttið net hringinn í kringum landið.



Í stjórn Kvasis fyrri 2017 sátu Guðjónína Sæmundsdóttir, Reykjanesbæ, MSS formaður, Guðrún Á. Jónsdóttir gjaldkeri, Austurbrú, og Sólveig Hildur Björnsdóttir ritari, Mími. Forstöðumenn innan Kvasis funduðu reglulega á árinu auk hefðbundinna vor- og haustfunda. Vorfundur Kvasis var 2017 var haldinn á Ísafirði og vorfundurinn 2018 var í Stykkishólmi, nú í apríl.

Mynd 10. Fræðslu- og símenntunarmiðstöðvar á landsbyggðinni og í Reykjavík. Rautt táknar „aðalstöð“ og blátt táknar námsver og námsstofur.

Heimasíða Kvasis er: www.fraedslumidstodvar.is Þar má meðal annars lesa árskýrslur samtakanna. Á mynd 11 má sjá hvar stöðvarnar eru staðsettar á landinu.

Viska er aðili að Leikn, en Leikn eru samtök fullorðinsfræðsluaðila (framhaldsfræðslu) á Íslandi. Formaður Leiknar starfsárið 2017-2018 var Guðrún Vala Elísdóttir. Auk hennar eru í stjórn Leiknar Guðrún Lárusdóttir, Helgi Þorbjörn Svavarsson, Anna Kristín Gunnarsdóttir, Þurðíður Sigurðardóttir, Helga Gísladóttir og Ólafur Ástgeirsson. Heimasíða Leiknar er: www.leikn.is Leikn hefur haldið fjölda fjarfræðsluerinda á starfsárinu. Hvert erindi er um 40 mínútna langt og samanstendur af fyrirlestri gestafyrirlesara og umræðum. Erindin eru flutt í gegnum Adobe Connect hugbúnað Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins og eru allar upptökur aðgengilegar á heimasíðu Leiknar. Þar eru enn fremur leiðbeiningar um hvernig hægt er að tengjast inn á fjarfræðsluerindin.

7.2 Tímabundin verkefni

Viska er aðili að verkefni sem kallast Sjósókn, Tækifæri og áskoranir í íslenskum sjávarútvegi. Markmið þessa verkefnis, er að efla menntun sjómanna og hækka menntunarstig þeirra. Verkefninu er stýrt af SÍMEY en Viska er samstarfsaðili og ber ábyrgð á raunfærnimati í skipstjórn í verkefninu. Sótt var um framhald verkefnisins fyrir árið 2017 og fékkst það. Verkefnið er áfram vistað hjá Símei og höldum við áfram utan um raunfærnimat í skipstjórn.

Ordinord. Sótt var um styrk til Nordplus voksen um framhald af lesblinduverkenfni sem lauk vorið 2015. Styrkur fékkst til verkefnisins og var fyrsti fundur haldinn í Sisimiut á Grænlandi í september 2016 og í framhaldi í Riga, í Dölunum í Svíþjóð og Osló í Noregi 2017 og 2018. Þar er ekki aðeins fjallað um lesblindu sem hindrun, heldur líka geðrænar hindranir og ADHD og hvernig best er að þjónusta nemendur sem glíma við slíkt. Verkefninu er ætlað að finna leiðir, tæki og tól fyrir þessa nemendur til að ná að stunda nám sitt. Síðasti fundur verður haldinn hér í Eyjum 4.-6 júní nk.

Menntabúðir er eitt að sérverkefnum sem Viska hefur leitt á starfsárinu. Ýmsar nýjungar settu svip sinn á starfseminu eins og Menntabúðir. Það hefur verið draumur minn frá því ég hóf störf hjá Visku að leiða skólastigin í Vestmannaeyjum saman í verkefni. Það hefur sannarlega verið í einhverri mynd en árið 2017 tókst mér að leiða skólastigin öll saman í eitt spennandi verkefni sem kallað er Menntabúðir.

Verkefnið er í eðli sínu endurmenntun þar sem þátttakendur læra hver af öðrum. Við fengum til liðs við okkur forvera minn Bergþóru Þórhallsdóttur ásamt fríðu föruneysi og stofnuðum Eyjamennt. Tvennar menntabúðir voru haldnar á starfsárinu 2017-2018 og búið er að leggja drög að fjórum slíkum á starfsárinu 2018-2019. Mikil ánægja var með þetta framtak og ljóst að það er komið til að vera.

Starfakynning. Viska, fræðslu- og símenntunarmiðstöð Vestmannaeyja, í samstarfi við Grunnskóla Vestmannaeyja og Framhaldsskólann í Vestmannaeyjum héldu starfakynningu þriðjudaginn 24. apríl frá kl. 10:00 -15:00 hér í Fiskiðjunni. Þar var lögð áhersla á að kynna fyrir nemendum 9. og 10. bekkjar og framhaldsskólanemendum, sem og öðrum bæjarbúum, fjölbreytileika starfa í Vestmannaeyjum þar sem krafist er menntunar. Starfakynningin var styrkt af SASS og er áhersluverkefni hjá Uppbyggingarsjóði Suðurlands. Kynnt voru 65 störf á margvíslegan hátt og var líf og fjör í gömlu.

7.3 Aðrir samstarfsaðilar

Viska var í samstarfi við Framhaldsskólann í Vestmannaeyjum. FÍV hefur séð um að votta framhaldsskólaeiningar þar sem það á við og matsaðilar í raunfærnimati hjá Visku koma einnig einhverjir þaðan. Leiðbeinendur koma einnig frá Grunnskóla Vestmannaeyja og víðar.

Viska er í samstarfi við háskólana og endurmenntunardeildir þeirra. Viska auglýsir það fjarnám sem er í boði til Vestmannaeyja á heimasíðu sinni.

7.4 Vinnumálastofnun og Virk

Viska og Vinnumálastofnun Suðurlands voru í samstarfi á árinu um fundaaðstöðu fyrir Vinnumálastofnun. Eftir að VMST lokaði skrifstofu sinni hér í Eyjum hafa fulltrúar frá þeim komið til Eyja með reglulegu millibili til að hitta skjólstæðinga sína. Nú er hlutfall atvinnulausra í Eyjum heldur hærra en vonir stóðu til. Viska og VMST hafa haldið nokkur námskeið fyrir atvinnuleitendur á árinu

2017 og og til stendur að bjóða upp á fleiri námskeið fyrir Vinnumálastofnun og Virk í vor og áfram á haust 2018.

7.5 Fræðslumiðstöð atvinnulífsins

Viska undirritaði samning við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins árið 2006 um samstarf á sviði fullorðinsfræðslu um að veita fólki á vinnumarkaði með litla formlega menntun og bætta stöðu á vinnumarkaði. Samstarfið hefur orðið þess valdandi að Visku hefur verið gert kleift að bjóða upp á nám fyrir einstaklinga og atvinnulífið þar sem kostnaður við námið hefur verið niðurgreiddur af menntamálaráðuneytinu. Einnig hefur verið gerður samningur um náms- og starfsráðgjöf á vinnustað og raunfærnimat. Ráðgjöfin hefur gegnið vel sem og námsleiðirnar og raunfærnimat vaxið með ári hverju.

8. Starfsáætlun 2018


Í fylgiskjali má sjá rekstraráætlun Visku fyrir árið 2018. Að öðru leyti fer stjórnarformaður Visku, Arnar Sigurmundsson yfir rekstraráætlun Visku og henni því ekki gerð ítarlegri skil hér.

8.1 Námskeiðahald

Námskeiðahald árið 2018 var fjölbreytilegt í nýju húsnæði. Aðsókn er misjöfn eftir árum og námsleiðir og raunfærnimat átt stóran sess í starfseminni sem og fyrirtækjaverkefni. Tólmstundanámskeið eru breytileg ár frá ári, stundum í lægð og inn á milli vinsæl. Youtube hefur leyst af hólmi mikið af þeim námskeiðum sem haldin voru. Vorið 2018 hófst með flutningi af Strandvegi yfir í Fiskiðjuna og því hófst starfsemin seinna en árin á undan. Námskeið fyrir fyrirtæki og stofnanir hafa verið í miklum meiri hluta á vorönninni ásamt íslensku fyrir útlendinga og spænska. Á árinu 2017 og vorönn 2018 hafa verið haldin fimm spænskunámskeið.

9. Fjarnám á háskólastigi

Nemum í grunnnámi á háskólastigi hefur nú fjölgað aftur jafnt og þétt. Flestir eru fjarnemar frá Háskólanum á Akureyri en aðrir háskólar eiga líka nema í fjarnámi. Það er miður að háskólar á Íslandi skuli ekki sjá sóma sinn í að bjóða upp á fleiri greinar í fjarnámi en raun ber vitni. Fjarnám breytist eðlilega og um þessar mundir fer það að mestu fram í tölvu hvers og eins. Fjarnemum sem notfæra sér aðstöðu í Visku hefur fjölgað jafnt og þétt. Við flutning niður yfir í Fiskiðju getum við betur komið til móts við þörf fjarnema fyrir aðstöðu til náms. Á árinu 2017 margfaldaðist fjöldi einstaklinga í próftöku hjá Visku eins og sjá má á mynd 21.



Mynd 11 sýnir þróun þróftöku hjá Visku síðustu ár.

10. Samantekt og framtíðarsýn



Starfsárið 2017-2018 var skemmtilegt á svo mörgum sviðum. Fyrirhugaður flutningur yfir í Fiskiðjuna setti mark sitt á starfseminu. Spenningur var fyrir breytingum og óvissa um hvað tæki við. Símenntunarmiðstöðvarnar hafa ríku skyldum að gegna við fólkið í landinu. Starf þeirra byggir á samningi við mennta- og menningarmálaráðuneytið um framhaldsfræðslu og símenntun, á grunni laga um

framhaldsfræðslu frá 2010 og samkvæmt samningi við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins. Þetta felur í sér þá skyldu okkar sem störfum að framhaldsfræðslu og símenntun að þjónusta þann hóp fólks sem hefur ekki lokið formlegri framhaldsskólamenntun með fjölbreyttum námskeiðum, náms- og starfsráðgjöf og raunfærnimati. Verkefnin eru fjölbreytt og geta verið ólík eftir landshlutum, allt eftir því umhverfi sem símenntunarmiðstöðvarnar starfa í.

Starfsemin var flutt í nýtt húsnæði í upphafi árs 2018 og það er skemmst frá því að segja að öll umferð í húsnæðinu hefur stóraukist, háskólanemar lífga upp á hið daglega starf og svo bætast námskeiðin við á kvöldin. Námsframboð okkar og þjónusta þarf að vera í takti við þörfina á hverjum tíma. Eins og fyrri ár hafa verkefnin verið af ýmsum toga. Við höfum boðið upp á fjölda einstaklingsnámskeiða og átt farsælt samstarf við fjölda fyrirtækja um símenntun starfsfólks. Við leitumst við að vera fljót að bregðast við þörfum um fræðslu sem upp koma með skömmum fyrirvara

Sveigjanleiki hefur verið lykilatriði í starfsemi Visku frá upphafi og starfsemin tekið mið af kröfum samfélagsins hverju sinni. Raunfærnimat og náms- og starfsráðgjöf skilar miklu inn til fjölbreytilegra verkefna og við búumst eingöngu við aukningu á því sviði.

Það eru ótal litlir, en afar merkilegir hlutir sem eiga sér stað í námi fullorðinna. Menntun er fyrir alla, jafnt ófatlaða sem fatlaða, Íslendinga sem fólk af erlendu bergi brotið. Þetta höfum við að leiðarljósi í okkar starfi.

Viska og Fræðslunet Suðurlands hafa í vetur unnið í sameiningu að Menntastöðum þar sem námið er að hluta fjarkennt til Eyja og að hluta frá Eyjum á Selfoss í gegnum skype. Í framhaldi af því fengum við þjónustu frá Fræðslunetinu um kennslu í leikskólaliða- og stuðningsfulltrúabréf. Samstarf milli stöðva eykur möguleika okkar á að bjóða upp á nám þegar erfitt er að ná lágmarksfjölda á hverjum stað.

Þegar upp er staðið erum við mest í því að hlaða námsskrefum, misstórum og litlum, í bakpoka markhópsins okkar. Á þeirri leið eru hænuskrefin oft ekki síður mikilvæg en stærri námsleiðirnar. Það er mitt mat að mjög þung rök standi til þess að hagsmuna þeirra sé gætt og hún marki starfsemi markhópa framhaldsfræðslunnar.

Til þess að þetta sé hægt þurfum við að vera með með miðlægt kerfi til að ná öllu námi fræðsluaðila inn á einn stað. Við þurfum að halda utan um allt nám, ekki eingöngu vottaðar námsleiðir FA, heldur hvert einasta smánámskeið sem hver miðstöð heldur/stendur fyrir. Með þeim hætti getum við tryggt fram í framtíðina (skv. Gæðaviðmiðum EQM) aðgengi nemenda að námsferli sínum. Að þeir geti eftir 20 ár séð hvort einhver einstaklingur sótti nám hjá símenntunarmiðstöð og hvað það var nákvæmlega (allt frá „kvöldnámskeiði í sjálfsstyrkingu“ í þriggja anna námsleið FA).

Hlutverk og ábyrgð starfsfólks símenntunarstöðva er veigamikið og frá fyrsta degi er unnið markvisst að uppbyggingu einstaklingsins í gegnum sjálfstyrkingu, markmiðasetningu og stuðning leiðbeinenda, verkefnastjóra sem og náms- og starfsráðgjafa. Þau eru fólkið með reynsluna, fólkið sem hefur fylgst með þátttakendum, útskrift eftir útskrift og jafnvel löngu eftir það.

Styrkur okkar er án nokkurs vafa nálægðin við fólkið. Ekkert kemur í stað persónulegrar þjónustu og er það skylda okkar að veita öllum jafn góða og persónulega þjónustu. Samfélagið breytist hratt og sérhæfingin eykst í atvinnulífinu. Til þess að vera undir þessar hröðu breytingar búið þarf starfsfólk að afla sér nýrrar þekkingar á degi hverjum. Það er eitt af okkar hlutverkum hjá Visku að gefa fólki færi á að sækja sér nýja þekkingu og þá er dýrmætt að geta nýtt sér þá tækniþyltingu sem hefur orðið í fjarnámi. En það er jafnframt afar brýnt að fjarnemar hafi möguleika á að taka próf í sínu námi í heimabyggð. Þetta er hluti af byggðastefnu í reynd. Tækniþyltingin teygir anga sína um allt samfélagið. Fyrir nokkrum árum hefði það ekki hvarflað að nokkrum manni að í einu litlu símtæki myndi rúmast öflugur hugbúnaður sem gerir jafn mikið og risastór tölva gerði fyrir nokkrum árum. En þetta er staðreyndin og fyrir vikið hafa ýmsir veggir og landamæri þurrkast út. Við þurfum að geta fylgt tækniþróuninni og nýtt okkur hana út í ystu æsar í símenntun og fullorðinsfræðslu. Ekki síst

opnar hún á ýmis tækifæri í menntun í hinum dreifðu byggðum landsins. Öllum þeim sem Viska hefur verið í samskiptum við á árinu eru færðar bestu þakkir. Sérstakar þakkir til starfsfólks og stjórnar fyrir gott og gjöfult samstarf.

Vestmannaeyjum 15. maí 2018

Valgerður Guðjónsdóttir forstöðumaður

Rekstraráætlun Visku 2018

Tekjur:

Rekstrarframlag á fjárlögum 2018	kr.	22.400.000
Samningar v/FA um vottaðar námsleiðir	kr.	12.500.000
Samn. v/FA - náms- og starfsráðgjöf	kr.	3.290.000
Samningar v/FA v/ raunfærnimats	kr.	5.112.750
Samn. SASS og Visku um starfakynningu	kr.	2.000.000
Námsleiðir þátt.gjöld	kr.	2.000.000
Samningur við Fjölmennit v/námskeiða	kr.	1.000.000
Íslenskukennsla fyrir útlendinga	kr.	3.500.000
Almenn námskeið og önnur verkefni	kr.	3.000.000
Aðrar tekjur	kr.	1.500.000
Fjármagnstekjur -nettó-	kr.	1.700.000

Samtals tekjur	Kr	58.002.750
-----------------------	-----------	-------------------

Gjöld:

Laun, launat. og ökutækjastyrkir	kr.	25.500.000
Grunnleiga vegna Ægisgötu 2	kr.	4.200.000
Rekstur húsnæðis, sam.& sérþjónusta. ÞSV	kr.	3.800.000
Námsleiðir, námskeið, raunfærnimat	kr.	13.500.000
Rekstur, FS net og viðh.upplýsingakerfa	kr.	4.500.000
Bókhald, endurskoðun, ofl.	kr.	1.600.000
Gjaldfærður stofnbúnaður	kr.	2.000.000
Annar kostnaður	kr.	1.500.000

Samtals rekstrargjöld og stofnbúnaður	kr.	56.600.000
Tekjur umfram gjöld	kr.	1.402.750

Rekstraráætlun Visku 2018, rekstrartekjur og útgjöld var tekin til umræðu og samþ. á stjórnarfundum 9. febrúar 2018.

Vestmannaeyjum 9. febr. 2018– Arnar Sigurmundsson, form..

Tækja- og eignalisti

Frá 2003 uppfærður 14.05.2018
Afskrifuð tæki og hlutir felld niður af lista

Tæki/áhöld	Staðsetning
Skjalavarpi	Geymslu 3. hæð Strandvegi 50
Skrifborð	Strandvegur 50 í geymslu

2004

Pappírstætari	Þjónustufulltrúi 2. hæð Fiskiðju
AKG Wierless	Geymsla hjá Gogga

2005

Polycom myndfundabúnaður V500	Strandvegur 50 geymslu
Hátalarar við myndfundabúnað V500	Strandvegur 50 geymslu
Örbylgjuofn	Úreldur 2018
Samlokugrill	Fiskiðju, nemarými

2006

Aego, bassabox og hátalarar við fjarfundabúnað	Fiskiðju í geymslu
Sýningartjald	Strandvegur 50 þriðju hæð
2 IBM Skjáir 19"	Seldir í maí 2018
10 borð	Kennslustofa 1. Hæð Strandvegi 50

2007

Whirpool kælikápur	Strandvegi 50
Silver line plöstunarvél	Þjónustufulltrúi 2. hæð Fiskiðju
Auglýsingastandur	Strandvegi 50
Sony 46" Bravia Plasmasjónvarp	Srifstofu PMJ 2. hæð Strandvegi 50
Olympus E410 myndavél	Hjá forstöðumanni
Dell XPS M 1330 fartölva	Hjá sérkennara Visku og FÍV

2008

HDX 8004 XLP fjarfundabúnaður	Í skáp hjá þjónustufulltrúa í Fiskiðju
HP scanjet G3010	Úreldur 2017

2009

Bernina saumavél	Geymslu
------------------	---------

2010

Skrifborð, hillur og stóll	Strandvegi 50
Þráðlaust headset fyrir síma	Geymslu Fiskiðju
Dell SrS Premium Sound fartölva	Úreld 2017

2011

Scott útvarp	Geymslu Fiskiðju
Scott útvarp	Geymslu Fiskiðju
Router Cisco Linksys E2000	Geymslu fiskiðju
Tíu fartölvur til kennslu Dell Premium	Geymslu fiskiðju, ekki í notkun

2012

iPad	Úreלטur 2017, nær ekki hleðslu
Tvö sjónvörp Sony Bravia	Seld í maí og til sölu
Fjarfundabúnaður Polycom QDX 6000	Hákollum Fiskiðju
Router Port Fast Ethernet Switch	Geymslu Fiskiðju
Kindle lesbretti	Úreלט
Gjallarhorn SHO-ME	Strandvegur 50, Arnar Sigurmunds

2013

Samsung sjónvarp	Geymslu hjá Gogga í Fiskiðju
Lenovo idealpad fartölva	Hjá námsráðgjafa
Lenovo ideapad, kennslutölva	Forstöðumaður
Samsung diskaflytjari	Geymslu Fiskiðju
Flakkari	Úreלטur, gögn náðust yfir í nýjan

2014

Headphones fyrir fjarfundi	Geymslu í Fiskiðju
AcerAspire Switch	Geymslu í fiskiðju
Flettitafla á hjólum	Geymslu í Fiskiðju

2015

Bestá skápar frá Ikea	Á dekkinu og á rannsóknargangi í Fiskiðju
Fatahengi frá Pennanum	Kennslusalir Fiskiðju
70 stólar frá Pennanum eignfærðir	Fiskiðju kennslusalir
20 borð frá AJ-eignfærð	Fiskiðju kennslusalir
Tússtafla	Heimaklettur Fiskiðju
Skjávarpi	Heimaklettur Fiskiðju
Hljómflutningstæki	Heimaklettur Fiskiðju
Dolche Gusto kaffivél	Lesstofa Fiskiðju
3 veggklukkur	Strandvegur 50 1. hæð
Billy skápur frá Ikea	Skrifstofa Visku í Fiskiðju
Tvö háborð	Kennslussölum í Fiskiðju
Electrolux uppvottavél	Eldhús 1. Hæð Strandvegi 50
Tölva-brix	Hákollum í Fiskiðju

2016

Acer spjaldtölvur 5 stk	Geymslu í Fiskiðju
Skjalaskápur úr Ikea	Opnu rými við prentara í Fiskiðju

Kallax hillur hvít og svört	Hvíta í lesstofu, svarta í geymslu í Fiskiðju
Skápahirslur frá Ikea	Opnu rými 1. Hæð andyri
30 stólar frá Pennanum-eignfærðir	Heimaklettur Fiskiðju
2 eldhúseyjar frá Ikea	Opnu rými við prentara í Fiskiðju
Skáphirsla frá Ikea	Við matsal í Fiskiðju
Kaffivél Tecnic worm	Matsal í Fiskiðju á hjólaborði.
Bose hátalari	Neðri Kleifar Fiskiðju
Samsung sími	Sólrún námsráðgjafi
Samsung sími	Valgerður forstöðumaður
Vefmyndavél	Hákollar Fiskiðju
Ryksuga	Seld í maí
Ræstivagn	Í notkun í fiskiðju

2017

10 Lenovotölvur	Læstum tölvuskáp í geymslu fiskiðju
Tölva-brix	Neðri Kleifar Fiskiðju
Borðtölva	Skrifstofa ráðgjafa
Tölvuskjár	Til sölu, geymslu hjá Gogga
Fartölva Lenovo	Í vörslu forstöðumanns
Brix	Efri Kleifar Fiskiðju
Porsche flakkari	Skrifstofu Visku í Fiskiðju
Nitro harddrive, backupgeymsla	Skrifstofu Visku í Fiskiðju
Crestron air media	Skrifstofu Visku Fiskiðju

2018

2 Turnskápar	Skrifstofa Visku Fiskiðju
2 Rafknúin skrifborð	Skrifstofa Visku Fiskiðju
Bókahillur og skápar	Skrifstofa Visku Fiskiðju
Sófi og 2 stólar	Skrifstofa Visku Fiskiðju
Sófaborð	Skrifstofa Visku Fiskiðju
Standlampi	Skrifstofa Visku Fiskiðju
Brix	Heimaklettur
Brix	Neðri Kleifar Fiskiðju
Borð og stólar	Lesstofa Fiskiðju
Fatahengi frá Pennanum	Heimaklettur

